


### HÚSAKÖNNUN

Deiliskipulagssvæðið er eitt af elstu svæðum bæjarins og skv. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal vinna húsakönnun fyrir þegar byggð svæði. Hús voru skráð niður svo unnt væri að meta varðveislugildi þeirra skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru sjö hús friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar. Þeim má ekki breyta né rífa án samþykkis Minjastofnunar Íslands. Að auki eru önnur tólf hús sem byggð voru fyrir 1926, en um þau gildir að skylt er að leita álits Minjastofnunar Íslands ef eigendur hyggjast breyta þeim. Þessi hús þyrfti að kanna nánar til að ganga betur úr skugga um minjagildi þeirra. Auk þessara fjórtán húsa er lagt til að önnur tólf hús sem eru meðal elstu bygginga bæjarinnar verði skoðuð nánar með tilliti til minjagildis og upprunaleika. Sjá má í lóðatöflum á skipulagsuppdraetti og á skýringarmynd hér til hliðar hvaða hús þetta eru.


Æskilegt er að sýnileg merki um byggingarsögu svæðisins verði í framtíðinni sem skýrust. Merki um 19. aldar söguna eru helst fólgin í lóðaskipan og tóftum horfinna húsa og rústum garða. Einnig má telja til heiti húsa, sem er arfur frá 19. öld og byrjun þeirrar 20. Æskilegt er að þeirri hefð verði áfram fylgt og ný hús sem byggð verða á lóðum þeirra sem nú eru horfin haldi nöfnum þeirra. Einnig er æskilegt að hús sem byggð verða á nýjum lóðum fái heiti sem styðji hefðina, annað hvort af þekktum kennileitum, horfum húsum eða ný nöfn í anda hefðarinnar.



Gamli bærinn í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030

### SKÝRINGAR

- Hús 100 ára og eldri
- Hús byggð fyrir 1926
- Hús byggð 1926-1950
- Hús byggð 1951 og seinna
- Afmörkun skipulags
- Ásgarður Heiti húsa
- 15 Húsnúmer
- 1968 Byggingarár húsa
- Útlínur horfinna húsa
- Byggðarendi Heiti horfinna húsa






**GRINDAVÍK**

**GAMLI BÆRINN  
HÚSAKÖNNUN**

Heiti og byggingarár húsa		Útgáfa
husakonunn.dgn	Málsvári 1:2000	Blástand A3
Unnt frá Grindavíkurbæ	Daga 24.09.2015	Töknúmer 004 PR5



**EFLA** VERKFRÆDISTOFA